

L Ö G

um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugs-
götu 21 í Borgarnesi, ásamt lóðarréttindum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 13. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

21. maí 1965.

Nr. 67.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 20. gr. orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 3% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.

Frá hreinum tekjum gjaldanda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkv. 32. gr.

Hjá einstaklingum kr. 35 000.00.

Hjá hjónum kr. 50 000.00.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 10 000.00.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

3. gr.

Staflíður A, tölulíður 1. 32. gr. orðist svo:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 20 000.00 kr. 10%.

Af 20 000.00 kr.—60 000.00 kr. greiðast 2000.00 kr. af 20 000.00 kr. og 20% af afgangi.

Af 60 000.00 kr. og yfir greiðast 10 000.00 kr. af 60 000.00 kr. og 30% af afgangi.

4. gr.

Við 35. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Í kaupstöðum skulu útsvör kr. 1500.00 og lægri felld niður.

5. gr.

61. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, eftir að álagningu er lokið, sbr. 14. gr. og 45.—46. gr., að gjaldanda hefur verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á, eða að framtal gjaldanda hefur verið rangt eða ófullnægjandi að verulegu leyti, og skal þá úr því bætt með nýrri álagningu. Um slíka álagningu gilda sömu reglur og um álagningu aðstöðugjalds og útsvars samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á. Eigi má reikna nefnd gjöld að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Gjaldalagi gjalda samkvæmt þessari málsgrein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

Nú skýrir gjaldandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um aðstöðugjald hans eða útsvar, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri þeirri upphæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta gjaldanda, sem hefur ekki talið fram, um allt að tífaldri fjárhæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem áætlun hefur verið of lág, ef gjöld þessi hafa verið reiknuð að nýju samkvæmt 1. mgr. Eigi má reikna sekt samkvæmt þessari málsgrein lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá fjárhæð, er á vantar.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. renna í viðkomandi sveitarsjóð, og fer um gjalddaga þeirra eftir ákvæðum 1. mgr.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggja eigi þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd sú, sem í 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt getur, ákveður sektir samkvæmt 2. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautar óski þess, að máli sé vísað til dómstóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur gjalddögum útsvara, álagðra 1964, verið fjölgað, svo að síðasta greiðsla fór ekki fram fyrr en 1. marz 1965, og telst útsvar þá greitt að fullu fyrir árslok 1964, samkvæmt síðustu málsg. 31. gr. þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.